

Ed.

313. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingis-
hátiðarinnar 1930.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

- I. Að láta slá sjerstaka minnispeninga í tilefni af 1000 ára afmæli Alþingis
1930. Má með konungsráskurði ákveða, að peningar þessir skuli vera

skiftimynt, er gjaldgeng sje hjer á landi, og sje gildi þeirra 10 kr., 5 kr. og 2 kr.

- II. Að taka í sínar hendur umráð yfir leigubifreiðum, sem notaðar verða til þess að flytja hátíðargesti 1930 um Þingvallavegina og aðra vegi nærlendis, og ákveða hámark bifreiðataxta.
- III. Að taka í sínar hendur umráð herbergja í gistihúsum í Reykjavík og á Þingvöllum um allt að þriggja vikna skeið á sumrinu 1930, eftir því sem ríkisstjórnin tiltekur nánar.

Heimilda þeirra, sem getur í II. og III. lið, skal þó ekki neyta nema nauðsyn krefji að dómi undirbúningsnefndar hátíðarinnar.

2. gr.

Brot gegn ráðstöfunum þeim, er gerðar kunna að verða samkvæmt II. og III. lið 1. gr., varða sektum, allt að 2000 kr., er renna í ríkissjóð. Skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni undirbúningsnefndar alþingishátíðarinnar.

I. liðurinn er um útgáfu minnispeninga. Er ætlast til þess, að þeir verði úr silfri og verði gefnir út 10 þús. 10 kr. peningar, 10 þús. 5 kr. peningar og 20 þús. 2 kr. peningar, eða samtals að gildi 190 þús. kr. Gert er ráð fyrir, að helmingur upplagsins verði seldur erlendis. Lagaheimild þarf til þess, að minnispeningarnir verði gjaldgeng mynt.

Heimildir þær, sem um ræðir í II. og III. lið, um ráðstöfunarrjett á leigubifreiðum og herbergjum í gistihúsum, telur nefndin nauðsynlegt, að til sjeu til þess að afstýra vandræðum, sem ella gætu orðið, en jafnframt er sett ákvæði um, að heimildirnar verði ekki notaðar nema brýn nauðsyn beri til.